



Bæjarstjórn Garðabæjar 8. (941)/2024

Boðað er til 8. (941). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2405002F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/5 '24.
2. 2405011F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/5 '24.
2404386 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Eskiás 7 og 10.
3. 2405006F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8/5 '24.
4. 2405003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/5 '24.
5. 2404046F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 8/5 '24.
6. 2405004F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/5 '24.
7. 2401134 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 2/4 og 29/4 '24.
8. 2401607 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 18/4 '24.
9. 2401136 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/5 '24.
10. 2401137 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 3/5 '24.
11. 2401001 - Forsetakosningar 2024

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
7. (940). fundur 2024

Fimmtudaginn 2. maí 2024 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Harpa Rós Gísladóttir varabæjarfulltrúi, Bjarni Theódór Bjarnason varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Guðlaugur Kristmundsson varabæjarfulltrúi og Hlynur Elías Bæringsson varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2404026F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/4 '24.

Fundargerðin sem er 8. tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2404035F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/4 '24.

Fundargerðin sem er 14. tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

2312130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður.

"Bæjarstjórn samþykkir, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 24. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norðurs sem gerir ráð fyrir uppfærslu deiliskipulagsskilmála ásamt fjölgun íbúða í fjölbýlishúsum norðan Vorbrautar um 13.

Tillagan var auglýst 25. janúar 2024 og var frestur til að gera athugasemdir við tillöguna til 8. mars 2024. Athugasemdir við tillöguna voru lagðar fram á fundi skipulagsnefndar 14. mars 2024 og var þeim vísað til úrvinnslu umhverfissviðs og deiliskipulagshöfundar. Svör við athugasemdum liggja fyrir.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni, þar sem brugðist er við umsögnum og athugasemdum.

-bílastæðum á lóð að Vorbraut 19 verði fjölgað úr 6 í 8.

-að leiðrétt verði villa um breidd byggingarreits á mæliblaði lóðarinnar Vorbraut 7.

-að legu aðkomuramps fyrir bílageymslu á lóðinni Vorbraut 3 verði breytt.

-að fjölgað verði íbúðareiningum á lóðinni Vorbraut 5 um 2, Vorbraut 11 um 1, Vorbraut 15 um 2 og Vorbraut 17 um 1.

-að hámarksbyggingarmagn einbýlishúsa við Skerpluholt verði aukið um 15 fermetra, úr 225 í 240.

-að breytingar verði gerðar á kafla 1.3. í skipulagsgreinargerð sem gerir ráð fyrir því að raðhúsalengjur við Vorbraut í austasta hluta deiliskipulagsvæðis Hnoðrahólts norður verði talið til Hnoðrahólts suðurs í viðmiðunartöflum rammahluta aðalskipulags fyrir

Vífilsstaðaland enda eru þau innan landnotkunarreits Hnoðrahólts suður á aðalskipulagsupprætti.

-að breidd raðhúslóðanna við Útholt 5-9 verði minnkaðar lítillega.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga." (Mál nr. 2312130)

2402558 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður vegna lóðarinnar við Stekkholt 22.

"Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 24. apríl 2024, sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður, í tilefni af umsókn um breytingu sem nær til einbýlishúsalóðarinnar Stekkholts 22, sem gerir ráð fyrir að byggingarreitur færist til austurs og að byggingarmagn aukist.

Grenndarkynna skal eigendum Stekkholts 20, 51 og 53 sem og Vorbrautar 17 og 19. Ennfremur eigendum Þrymsala 18 og 19 og Þrúðsala 16, 17 og 18 í Kópavogi." (Mál nr. 2402558)

2311113 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Hæðarhverfi.

"Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga deiliskipulag Hæðahverfis.

Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 11. mars 2024.

Gerð hefur verið sú breyting frá forkynntri tillögu að raðhúsalóðin Blómahæð 7 stækkar að göngustíg.

Lagt er til að í grein 3.1. í greinargerð verði bætt við eftirfarandi setningu:

"Á lóðinni er gert ráð fyrir leikskóla. Fjöldi barna eða deilda takmarkast við það byggingarmagn og fjölda bílastæða sem heimiluð eru á lóðinni." í grein 3.1. í greinargerð verði bætt við eftirfarandi setningu: „Á lóðinni er gert ráð fyrir leikskóla. Fjöldi barna eða deilda takmarkast við það byggingarmagn og fjölda bílastæða sem heimiluð eru á lóðinni." (Mál nr. 2311113)

2403405 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna deiliskipulags Deildar og Landakots á Álftanesi varðandi dælustöð fráveitu.

"Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi Deildar og Landakots á Álftanesi sem gerir ráð fyrir lóð og byggingarreit vegna fráveitumannvirkja í samræmi við ákvæði aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030.

Í tillögunni er gert ráð fyrir 785 m² lóð. Innan byggingarreits er heimilt að reisa dælistöð fyrir skólpu með þeim tækjabúnaði sem stöðin krefst í samræmi við reglugerð um fráveitu og skólpu nr. 789/1999. Til bráðarbirgða verði heimilt að reisa mannvirki, s.s. gám fyrir grófhreinsun á skólpu sem í dag rennur óhreinsað út í sjó við Hrakhólma.

Heildarbyggingarmagn lóðar er allt að 100 m² að grunnfleti og hámarkshæð fyrir

bráðabirgðar mannvirki er allt að 3 metrar (22 feta gámur).

Til frambúðar er gert ráð fyrir niðurgrafinni dælustöð, allt að einn meter að hæð þaðan sem skólpi verður dælt til varanlegrar hreinsistöðvar sem verður á öðrum stað.

Við framkvæmdir skal þess gætt að jarðrask verði sem allra minnst og frágangur á yfirboði falli sem best að landslagi.

Kynna skal tillöguna sérstaklega fyrir eigendum aðliggjandi húsa við Hólmatún." (Mál nr. 2403405)

2208311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag athafnahverfis í Búðum.

"Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga deiliskipulag athafnahverfis í búðum.

Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 11. mars 2024.

Ákvæði er varðar skilti hefur verið breytt lítillega vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlits." (Mál nr. 2208311)

2208310 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag íbúðahverfis í Bæjargili.

"Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 24. apríl 2024, að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga deiliskipulag Bæjargils.

Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 11. mars 2024." (Mál nr. 2208310)

3. **2402028F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 15/3 '24**

Almar Guðmundsson ræddi 2.tl. - leka skólps í varðveislurými 13. febrúar 2024.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 2.tl. - leka skólps í varðveislurými 13. febrúar 2024.

Fundargerðin er lögð fram.

4. **2404034F - Fundargerð leikskólanefndar frá 29/4 '24.**

Margrét Bjarnadóttir ræddi 11.tl. - lykiltölur í leikskólastarfi, stöðu innritunar apríl 2024 og 1.-10.tl., þróunarsjóð leikskóla - umsóknir.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 11.tl. - lykiltölur í leikskólastarfi, stöðu innritunar apríl 2024 og 1.-10.tl., þróunarsjóð leikskóla - umsóknir.

Almar Guðmundsson ræddi 11.tl. - lykiltölur í leikskólastarfi, stöðu innritunar apríl 2024 og 1.-10.tl., þróunarsjóð leikskóla, umsóknir.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 11.tl. stöðu innritunar í leikskóla og 1.-10.tl., þróunarsjóð leikskóla, umsóknir.

Fundargerðin er lögð fram.

5. **2404029F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/4 '24.**

Björg Fengler ræddi 1.tl., hvatningarsjóð ungra listamanna og hönnuða 2024, 3.tl. Jazzþorpið í

Garðabæ, 4.tl. Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2024 OG 5.tl. samstarfssamning við Grósku. Harpa Rós Gísladóttir ræddi vorsýningu Jónshúss.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2404027F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 24/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2404021F - Fundargerð velferðarráðs frá 17/4 '24.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl., jafnréttisáætlun Garðabæjar 2024-2026 og 2.tl. tillögur að auknum náms- og starfstækifærum fyrir fatlað fólk.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl., jafnréttisáætlun Garðabæjar 2024-2026.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2401141 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2401136 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 8/4 og 22/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2401139 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 8/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2401137 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 12/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2401135 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 15/3 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2401134 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 5/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2308538 - Ársreikningur Garðabæjar 2023 - seinni umræða

Bæjarstjóri fjallaði um helstu niðurstöður reikningsins og gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á ársreikningi frá fyrri umræðu í bæjarstjórn og vísaði til minnisblaðs Enor frá 30. apríl 2024.

Bæjarstjórn samþykkir við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir 2023 samkvæmt 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 2.tl. 1.mgr. 18.gr. laganna. Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður af bæjarfulltrúum.

Fleira ekki gert,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 2. maí 2024 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Ingvar Arnarson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)
Bjarni Theódór Bjarnason, (sign)
Harpa Rós Gísladóttir, (sign)
Hlynur Elías Bæringsson, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 2. maí 2024 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigrún Anna

Björg Þorgeirsdóttir
Guðmundur Guðmundsson

Alvar Guðmundsson

Harbjörg Þorvaldsdóttir

Guðlaugur Þór

Þjarni M. Þjarnason

Hanna Rós Guðlaugsdóttir

Árnyr Þorvaldsson

Jónas Þorvaldsson

Margrét Þjarnadóttir

Bæjarráð Garðabæjar
17. (2118). fundur 2024

Þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Gunnar Valur Gíslason varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2312283 - Austurhraun 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingafulltrúa að veita Halli Kristmundssyni, kt. 220573-3899, leyfi til breytinga á innra skipulagi á 2. hæð hússins ásamt afleiddum framkvæmdum.

2. 2306581 - Blikanes 27 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sveini Biering Jónssyni, kt. 141282-5149, leyfi fyrir stækkun og breytingum á útliti og innra skipulagi hússins ásamt því að fjölga bílastæðum á lóð.

3. 2111122 - Kumlamýri - úthlutun lóða og sala byggingarréttar.

Bæjarráð samþykkir skilmála um sölu á byggingarétti lóða við Kumlamýri. Lóðirnar verða auglýstar á vef Garðabæjar og hjá tilgreindum fasteignasölum. Bæjarráð samþykkir að lóðirnar verði auglýstar til sölu hjá fasteignasölum með 14 daga tilboðsfresti. Tilboð verða opnuð á fundi bæjarráðs, þriðjudaginn 28. maí 2024.

4. 2404377 - Prýðahverfi - úthlutun lóða og sala byggingarréttar.

Bæjarráð samþykkir skilmála um sölu á byggingarétti lóða við Steinprýði, Kjarrprýði og Garðaprýði. Lóðirnar verða auglýstar á vef Garðabæjar og hjá tilgreindum fasteignasölum. Bæjarráð samþykkir að lóðirnar verði auglýstar til sölu hjá fasteignasölum með 14 daga tilboðsfresti. Tilboð verða opnuð á fundi bæjarráðs, þriðjudaginn 28. maí 2024.

5. 2405028 - Tilboð í lóð fyrir veitingahús við Breiðumýri á Álftanesi.

Lögð er fram umsókn Pálmars Harðarsonar og Guðfinns S. Karlssonar í lóð við Breiðumýri 2, Álftanesi, en auglýst var eftir áhugasömum aðilum til að byggja og starfrækja veitingahús á lóðinni.

Mat mun lagt á umsóknina í samræmi við auglýsinguna, m.t.t. fjárhagslegs styrks umsækjanda, mati á hugmyndum um fyrirkomulag byggingarinnar og raunhæfi hugmynda um uppbyggingu, fjárfestingu og rekstur veitingastaðar.

Bæjarráð vísar umsókninni til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.

6. 2402030 - Útboð á ræstingum í stofnunum Garðabæjar.

Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir helstu atriði varðandi útboð á ræstingu. Bæjarráð samþykkir útboðs- og samningsskilmála vegna útboðs á ræstingum í stofnunum Garðabæjar, sem felst í að annast þríf stofnana Garðabæjar auk þess að leggja til allar hreinlætisvörur og sjá um áfyllingar á þeim.

Útboðinu er skipt í þrjá flokka m.t.t. eðli starfsemi og notkunar húsnæðis innan ársins. Um er að ræða (1) ræstingu í leikskólum, (2) ræstingu í grunnskólum og (3) ræstingu í öðrum stofnunum s.s. skrifstofum, fundar- og samkomusölum o.fl.

Umhverfissviði falin framkvæmd útboðsins.

7. 2401044 - Örutboð á raforku.

Eftirfarandi tilboð bærust í raforkusölu til þriggja ára, tímabilið 1. júní 2024 til 31. maí 2027, með heimild að framlengja til allt að eins árs, og til mest fjögurra ára samtals (tilboð krónur með vsk pr kWh):

1. Orkusalan ehf.

Almenn notkun 9,47 kr.

Götulýsing 9,47 kr.

2. N1 Rafmagn ehf.

Almenn notkun 10,13 kr.

Götulýsing 10,13 kr.

3. Orka náttúrunnar

Almenn notkun 10,24 kr.

Götulýsing 10,29 kr.

4. HS Orka

Almenn notkun 10,65 kr.

Götulýsing 9,96 kr.

5. Straumlind

Almenn notkun 9,52 kr.

Götulýsing 9,89 kr.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Orkusölnunnar ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86.gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufrestur útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106.gr. laga um opinber innkaup 20 daga frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

8. 2405040 - Tilkynning um ársfund Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

Lagt fram ársfundarboð Náttúruhamfaratryggingar Íslands, sem haldinn verður fimmtudaginn 16. maí 2024.

9. **2405023 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar varðandi kaffihlaðborð í Sveinatungu á hátíðarhöldum 17. júní, dags. 30.04.24.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að hátíðarhlaðborð á 17. júní 2024 verði í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar ásamt því að vera á innitorgi á Garðatorgi.
Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.

10. **2405047 - Bréf IBO nefndar Samlífs, samtaka líffræðikennara varðandi styrk vegna þátttöku Sigríðar Margrétar Bjarkadóttur á Ólympíuleikum í líffræði.**

Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Sigríðar Margrétar Bjarkadóttur, kt. 101105-2370 um greiðslu sumarlauna 2024 vegna undirbúnings fyrir þátttöku á Ólympíukeppninni í líffræði.

11. **2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 - úthlutun styrkja.**

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu um úthlutun styrkja:

Garðálfar - kór eldri borgara á Álftanesi kr. 450.000.-
Garðakórinn kr. 500.000.-
Kór Vídalínskirkju kr. 300.000.-
Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis kr. 800.000.-
Samtök um kvennaathvarf kr. 800.000.-
Stígamót kr. 800.000.-
Örninn - minningar- og styrktarsjóður kr. 800.000.-
Aflið - samtök fyrir þolendur ofbeldis kr. 250.000.-
Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins kr. 100.000.-
ADHD-samtökin kr. 300.000.-
Kvennaráðgjöfin kr. 250.000.-

Bæjarráð vísar til umfjöllunar í Íþrótt- og tólmstundaráði styrkbeiðnum Siglingaklúbbins Vogs og Hestamannafélagsins Sóta (rekstur reiðhallar.).

Bæjarráð vísar styrkbeiðni Hestamannafélagsins Spretts (reiðvegur) til umhverfissviðs.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
18. (2119). fundur 2024

Þriðjudaginn 14. maí 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Gunnar Valur Gíslason varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2310231 - Hestamýri 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingafulltrúa að veita Hestamýri ehf., kt. 680122-1480, leyfi til að byggja 32 íbúða fjölbýlishús með bílakjallara á lóðinni Hestamýri 2.

2. 2401557 - Útholt 14- Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingafulltrúa að veita Ágústi Erni Arnarsyni, kt. 150891-2219, leyfi fyrir byggingu staðsteypis einbýlishúss á lóðinni Útholti 14.

3. 2311540 - Þórukot - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingafulltrúa að veita Garðabæ, kt. 570169-6109, leyfi fyrir innanhússbreytingum vegna snyrtingu í aðalhúsi, þar sem bætt er við snyrtingu fyrir fatlaða í fasteigninni Þórukoti.

Húsnæðið er skv. samkomulagi við Garðabæ, nýtt tímabundið sem golfskáli.

4. 2404386 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Eskiás 7 og 10.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 8. maí um breytingu deiliskipulags Ása og Grunda, sem nær til fjölbýlishúsa við Eskiás 6, 7, 8 og 10.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða við Eskiás eykst um 22 íbúðir, eða úr 276 í 298.

Einnig að byggingarreitum á lóðunum nr. 7 og 10 verði breytt, þannig að þær íbúðagerðir sem þróaðar hafa verið á svæðinu gangi vel upp á lóðunum. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir að hámarksrhæðafjöldi hækki úr tveimur í þrjár hæðir á lóðinni nr. 10 og á nyrðri byggingarreit meðfram Eskiási á lóðinni nr. 7.

Samþykkt tillaga skal auglýst í samræmi við 1.mgr. 43.gr. og 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. 2307075 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna fyrirspurnar til tækni og umhverfissviðs

varðandi lóð fyrir smádreifistöð Veitna við Olís í Garðabæ.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi erindi Veitna ohf. dags. 26. mars 2024. Í erindinu kemur fram að Veitur geti ekki fallist á að lóð fyrir smádreifistöð til þess að geta afhent rafmagn fyrir hraðhleðslustöðvar Ísorku/Olís a horni Hafnarfjarðarvegur og Vífilstaðavegar, hafi ekki stöð í deiliskipulagi.

Staðsetning dreifistöðvarlóðarinnar er utan deiliskipulagssvæðis Hafnarfjarðarvegur og á svæði sem skilgreint er í deiliskipulagi Ása og Grunda, sem svæði þar sem deiliskipulagi er frestað. Bensinstöðvarlóðin á sér þannig ekki stöð í deiliskipulagi og því er óhjákvæmilegt að lóð smádreifistöðvar sem tengist umræddri bensinstöðvarlóð hafi sömu stöðu gagnvart skipulagi. Í afgreiðslu skipulagsnefndar kemur fram að nefndin sýni því skilning að Veitur vinni eftir verklagsreglum en til þess að dreifistöðvarlóðin geti eignast stöð í skipulagi þyrfti bensinstöðin að hafa þá sömu stöð og skipulagsnefnd mælir þannig ekki með því að áætlunum verði breytt hvað það varðar.

6. 2405091 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu á breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður varðandi raðhúsaeyningar við Vorbraut.

Afgreiðslu málsins er frestað.

7. 2405134 - Bréf umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis varðandi umsóknir sveitarfélaga um styrki til fráveituframkvæmda og auglýsing SSH eftir umsóknum, dags. 8. maí 2024.

Lögð fram auglýsing Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins eftir umsóknum um styrki til fráveituframkvæmda, dags. 8. maí 2024.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fráveituframkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags í samræmi við áætlun sem hefur hlotið samþykki umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Umsóknarfrestur vegna styrkjanna er til 1. júlí 2024.

Málinu er vísað til umhverfissviðs.

8. 2405159 - Umsókn Eriks Yngva Brannan um sumarlaun 2024 vegna þátttöku í Ólympíuleikum í efnafræði.

Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Erik Yngva Brannan, kt. 110106-2380, um greiðslu sumarlauna 2024 vegna undirbúnings og þátttöku á Ólympíuleikunum í efnafræði.

9. 2403132 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2024 og heiðursviðurkenning.

Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um tilnefningu á bæjarlistamanni Garðabæjar árið 2024. Jafnframt samþykkir bæjarráð tillögu menningar- og safnanefndar um veitingu heiðursviðurkenningar.

Tilnefningarnar verða tilkynntar á menningaruppskeruhátíð föstudaginn 7. júní 2024, kl. 16:00 í Sveinatungu.

10. 2308538 - Yfirlit yfir kaup á vörum og þjónustu frá stærstu birgjum árið 2023.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir vöru- og þjónustukaupum af stærstu birgja á árinu 2023.

11. 2405152 - Verkefnaáætlun Velferðarsviðs Garðabæjar.

Sviðsstjóri Velferðarsviðs fór yfir verkáætlun og starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar 28. fundur 2024

Miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 08:00 kom íþrótt- og tómsundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður, Lilja Lind Pálsdóttir varamaður, Stefanía Magnúsdóttir varamaður, Kári Jónsson íþrótt-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2402380 - Sumarnámskeið 2024

Íþrótt-, tómstunda- og forvarnafulltrúi kynnti sumarnámskeið í Garðabæ árið 2024. Auglýsing um sumarnámskeið barna er nú á vef Garðabæjar.

<https://www.gardabaer.is/ibuar/ithrotta-og-tomstundastarf/sumarnamskeid/>

Garðabær er í samstarfi við Ungmennafélagið Stjörnuna og skátafélögin Vífil og Svani um að bjóða heilsdags námskeið með gæslu í hádeginu. 20 aðilar, félög og söfn munu halda sumarnámskeið fyrir börn og ungmenni í bænum sumarið 2024.

Á yfirliti sem birt hefur verið á vef Garðabæjar er hægt að sjá hvað er í boði hjá mismunandi aðilum yfir þær vikur sem skólar eru ekki starfandi.

2. 2405084 - Vinnuskólinn 2024

Kynning á stöðu skráninga í Vinnuskóla Garðabæjar sumarið 2024.

Staðan í byrjun maí er:

8. bekkur, árg. 2010 = 190 umsóknir

9. bekkur, árg. 2009 = 197 umsóknir

10. bekkur, árg. 2008 = 132 umsóknir.

Forstöðumaður Vinnuskólans reiknar með að um 650-700 skráningar verði þegar upp er staðið en reynslan er sú að það fjölgi um 15-20% á síðustu vikunum fyrir skólalok. Reiknað er með 100 skráningum í viðbót fram að sumri.

3. 2008582 - Ungmennahús undirbúningsvinna

Áframhaldandi umræður um ungmennahús, hugmyndavinnu og þarfagreiningu í tengslum við það. Fyrir fundinum lá þarfagreining á húsnæði við Garðatorg 1 sem unnin var árið 2021 í samstarfi menningarfulltrúa, íþrótt- tómstunda- og forvarnafulltrúa, forstöðumanni Hönnunarsafns Íslands, fyrrum forvarnafulltrúa, aðila úr ungmennaráði og forstöðumönnum félagsmiðstöðva. Í þarfagreiningunni er fjallað m.a. um starfsemi ungmennahúss og möguleika þess í húsnæðinu.

Formaður ÍTG upplýsti ráðið um fund hans með formanni ungmennaráðs þar sem samstarf ráðanna að málinu og næstu skref voru rædd. Ungmennaráð fundaði um málið á fundi sínum 7. maí þar sem unnið var að hugmyndavinnu um starfsemi og staðsetningu ungmennahúss. ÍTG fór yfir hugmyndir ungmennaráðs og gagnlegar umræður fóru fram. Formanni ÍTG og íþrótt-, tómstunda- og forvarnafulltrúa var falið að halda áfram að vinna að framgangi verkefnisins í samstarfi við ungmennaráð.

4. 2404116 - Íþróttaping Garðabæjar

Áframhaldandi umræður um fyrirkomulag íþrótt- og tómstundaþings Garðabæjar haustið 2024. Hugmyndum um rýnihópa mismunandi aldurshópa var stillt upp í þeim tilgangi að hafa niðurstöður þeirra sem umræðugrundvöll á þinginu. Ákveðið var að leita tilboða hjá utanaðkomandi aðilum til að halda utan um umræðurnar og taka saman niðurstöðum.

5. 2404480 - Umsókn um styrk vegna keppnisferðar á Special Olympics Idrottfestival.

ÍTG samþykkir að veita Íþróttafélaginu Ösp styrk að upphæð 240.000,- vegna þátttöku fjögurra einstaklinga úr Garðabæ vegna keppnisferðar á Special Olympics Idrottfestival, áður Nordic games í Frederikshavn í Danmörku dagana 23.-27.maí 2024.

Þeir keppendur sem búa í Garðabæ og hljóta styrk eru:

Embla Dögg Hannesdóttir - fótbolti

Ásmundur Þór Ásmundsson - frjálssar

Skúli Steinar Pétursson - frjálssar

Aníta Ósk Hrafnadóttir - frjálssar

6. 2404361 - Forsetabikarinn 2024

Íþrótt-, tómstunda- og forvarnafulltrúi og formaður ÍTG kynntu dagskrá Forsetabikarsins á vegum UMFÁ sem haldin er á Álftanesi á uppstigningardag, 9. maí nk. Á meðal dagskrárþátta eru fótboltaleikir, tónleikar, hoppukastalar, leiktæki, hestateymingar, bílasýningar, dýragarður, matarvagnar og forsetahlaupið, en farið var yfir hlaupaleiðina á fundinum.

ÍTG fagnar metnaðarfullri og skemmtilegri dagskrá Forsetabikarsins árið 2024.

7. 2404442 - Fjallahjólámót í nágrenni höfuðborgarsvæðisins

Lögð var fram til kynningar umsókn Hjólreiðafélags Reykjavíkur til að halda fjallahjólámót þann 8. júní, í staðin fyrir árlegu Bláalónsþraut, sem ekki er hægt að setja á dagskrá út af jarðhræringum við Grindavík.

Leiðin fer í gegnum nokkur sveitarfélög, start er í Heiðmörk og hjólað á veginum í áttina að Kaldárseli, kringum Búrfell og aftur til baka.

8. 2404237 - Kolbrún Eva Hólmarsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Kolbrúnar Evu Hólmarsdóttur kr. 20.000,- vegna EM unglunga í fimleikum 28. apríl til 4. maí 2024 á Rimini á Ítalíu.

9. 2404238 - Kolbrún Eva Hólmarsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Kolbrúnar Evu Hólmarsdóttur kr 20.000,- vegna NM unglunga í fimleikum 4.-8. apríl 2024 í Ósló í Noregi.

10. 2404280 - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Sigurrósar Ástu Þórisdóttur kr. 20.000,- vegna EM unglunga í fimleikum 28. apríl til 4. maí 2024 á Rimini á Ítalíu.

11. 2404282 - Sigurrós Ásta Þórisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Sigurrósar Ástu Þórisdóttur kr. 20.000,- vegna NM unglunga í fimleikum 4.-8. apríl 2024 í Ósló í Noregi.

12. 2404363 - Margrét Lea Kristinsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Margrétar Leu Kristinsdóttur kr. 20.000,- vegna NM unglunga í fimleikum 4.-8. apríl 2024 í Ósló í Noregi.

13. 2405014 - Rannveig Edda Aspelund - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk til Rannveigar Eddu Aspelund kr. 20.000,- vegna þátttöku í Dance World Cup (í dansi, ballet, show dance) í Prag 30. júlí 2024.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

6. fundur 2024

Miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 16:45 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Sigbrúður Ármann varamaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Formaður óskaði eftir því að bæta við máli sem ekki var í útsendri dagskrá, fundarliður 6 og var það samþykkt.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2110129 - Arnarland. Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Arnarlands sem er sett fram í greinargerð og tveimur uppdráttum.

Formaður skipulagsnefndar gerði grein fyrir samtalsfundum með íbúum í Akrahverfi, Hofakri og Arnarnesi sem sendu inn ábendingar á forkynningarstigi.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

2. 2404386 - Eskiás 7 og 10 - Deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær til fjölbýlishúsa við Eskiás 6, 7, 8 og 10.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða við Eskiás eykst um 22 eða úr 276 í 298.

Einnig að byggingarreitum á lóðunum nr. 7 og 10 við Eskiás verði breytt, þannig að þær íbúðargerðir sem þróaðar hafa verið á svæðinu gangi vel upp á lóðunum. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir því að hámarkshæðafjöldi hækki úr tveimur í þrjár hæðir á lóðinni nr.10 og á nyrðri byggingarreit meðfram Eskiási á lóðinni nr. 7.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr. 43.gr. og 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

3. 2403398 - Kjarrprýði 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóðinni Kjarrprýði nr.4. Í gildi er deiliskipulag Garðahrauns.

Umsókn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfunda.

4. 2405090 - Hrauntunga, fyrirspurn um skipulag.

Lagt fram erindi lóðarhafa Hrauntungu við Garðahraunsveg (Gamla Álftanesveg).

Formanni skipulagsnefndar og skipulagsstjóra falið að ræða við lóðarhafa.

Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

5. 2405091 - Hnoðraholt norður - Vorbraut - Raðhús - Dsk.br.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir því að raðhúseiningum við Vorbraut verði fjölgað um þrjár. Þá bætist við íbúðareining í þrjár raðhúslengjur af fjórum. Ekki er um aukningu byggingarmagns að ræða. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.og 41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

6. 2404219 - Vorbraut 21-47 raðhús - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lóðarhafi raðhúslengjunnar Vorbraut 37-47 spyr hvort unnt sé að breyta hæðarkótum á hæðarblaði þannig að hæðarkótar tveggja samliggjandi íbúðareininga geti verið sá sami. Lögð fram umsögn skipulagsráðgjafa. Með vísan í umsögn skipulagsráðgjafa gerir skipulagsnefnd ekki athugasemd við að hæðarkótum á hæðarblaði verði breytt eins og fyrirspyrjandi óskar eftir.

7. 2404300 - Skerpluholt 6, 8, 10 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Skerpluhólts 6,8 og 10 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsnefnd vísar til nánari skoðunar hjá umhverfissviði.

8. 2307075 - Hafnarfjarðarvegur Olís - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lagt fram erindi Veitna dags. 26.3.2024, þar sem fram kemur að Veitur geti ekki fallist á að lóð fyrir smádreifistöð, til þess að geta afhent rafmagn fyrir hraðhleðslustöðvar Ísorku/Olís á horni Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðvegur, hafi ekki stoð í deiliskipulagi. Staðsetning dreifistöðvarlóðarinnar er utan deiliskipulagssvæðis Hafnarfjarðarvegur og á svæði sem skilgreint er í deiliskiplagi Ása og Grunda sem svæði þar sem deiliskipulagi er frestað. Það þýðir að bensinstöðvarlóðin á sér ekki stoð í deiliskipulagi og því er óhjákvæmilegt að lóð smádreifistöðvar sem tengist umræddri bensinstöðvarlóð hafi sömu stöðu gagnvart skipulagi. Skipulagsnefnd sýnir því skilning að Veitur vinni eftir verklagsreglum en til þess að dreifistöðvarlóðin geti eignast stoð í skipulagi þyrfti bensinstöðin að hafa þá sömu stoð og skipulagsnefnd mælir ekki með því að áætlunum verði breytt hvað það varðar.

9. 2404025F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 4

9.1 2403196 - Lambhagi 17 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja byggingarleyfisumsókn. Óskað er eftir því að heimila stækkun á bílskúr fram um 2 m ásamt því að gera mænispak ofan á bílageymslu sem í dag er með flötu þaki. Einnig er sótt um leyfi til að byggja sólstofu út úr stofu hússins.

Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi í Lambhaga er umsókninni vísað til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Grenndarkynna skal íbúum að Lambhaga 11,12,13,16 og 18.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

9.2 2206092 - Höfðabraut - Númer húsa

Niðurstaða Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að breytingu á heitum og númerum húsa meðfram Höfðabraut á

Álftanesi. Óskað var eftir umsögnum frá Húsnæðis- og mannvirkastofnun og frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi stofnanir gerðu ekki athugasemd við tillöguna

Til einföldunar gerir tillagan ráð fyrir einu götuheiti frá gatnamótum við Suðurnesveg að Hliði og gert er ráð fyrir að gatan verði kennd við Hlið sem er við enda hennar; Hliðsvegur.

Kynna skal eigendum viðkomandi lóða tillöguna og gefa þeim færi á að gera athugasemdir.

9.3 2403398 - Kjarrprýði 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Kjarrprýði 4.

Uppdrættir eru ekki í samræmi við ákvæði deiliskipulags. Hæðasetningar lands innan lóða skal laga að náttúrulegu landslagi eins og frekast er unnt og einnig skal hæð lóða við lóðarmörk, að opnum svæðum, falla að náttúrulegu landslagi.

Vísað til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

9.4 2401388 - Lækjarfít 6 - breyting á byggingarreit - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra sem nær til einbýlishúslóðarinnar Lækjarfít 6 að lokinni grenndarkynningu.

Gert er ráð fyrir að byggingareitur stækki til suðurs um 1,4 m, að lóð nr.8.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt í samræmi við 3.ml. 3.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

9.5 2404209 - Hörgslundur 8 - Fyrirspurn um samþykktá notkun fasteignar

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn heilbrigðiseftirlits vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir nuddstofu í einbýlishúsinu að Hörgslundi 8. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við rekstur nuddstofu þar sem að ekki er líklegt er að sú starfsemi kalli umferð sem geti valdið óþægindum í íbúðarbyggð sbr. gr.5.3.2.8. í skipulagsreglugerð nr.90/2013.

9.6 2306581 - Blikanes 27 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem gera ráð fyrir breytingum á einbýlishúsinu Blikanes 27. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrætti.

9.7 2403297 - Blikanes 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Blikanes 11. Í umsókn er óskað eftir því að klæða húsið að utan og að breyta hluta af tvöföldum bílskúr í ljósmyndaherbergi.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrætti þar sem ákvæði aðalskipulags Arnarness kveður á um að á lóðum einbýlishúsa skal gera ráð fyrir bílageymslu fyrir einn eða tvo bíla.

- 9.8 2402112 - Engimýri 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingar á einbýlishúsinu að Engimýri 6. M.a. er sótt um að fá leyfi fyrir þegar byggðum kjallara undir húsinu sem ætlað er að nýttist sem vinnuaðstaða og geymslur. Þar sem að deiliskipulag Hofsstaðamýrar telst ekki í gildi var fyrirhuguð framkvæmd grenndarkynnt íbúum Engimýri 3,4,5,7 8 og 10. til og með 23. apríl í samræmi 44.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við grenndarkynnt gögn.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

- 9.9 2403256 - Smiðsbúð 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi vegna tímabundins stöðuleyfis fyrir sýningarhúsi sem mun standa við hliðina á húsinu sem komið er og leyfi var veitt fyrir. Einnig er sótt um framlengingu á tímabundnu byggingarleyfi fyrir það hús sem fyrir er.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis fyrir tímabundna staðsetningu sýningarhúss innan byggingarreits en tryggja þarf að kröfum um brunavarnir vegna aðliggjandi húsa séu uppfylltar.

- 9.10 2403295 - Skerpluholt 11 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um það hvort heimilað yrði að breyta hæðarkótum íbúðarhúss að Skerpluholti 11.

Með vísan í umsögn gatnahönnuðar (Eflu) telur skipulagsstjóri að til greina komi að samþykkja að hæðarkóti lóðarinnar verði hækkaður um 40-50 cm. Í umsögn kemur fram að hækkun gólfkóta á húsinúmer 11 hefi áhrif á lóðnúmer 13 og að æskilegt sé að gólfkóti þeirrar lóðar verði einnig hækkaður.

Lóðarhafa bent á að leita samráðs við lóðarhafa lóðar númer 13 og sækja síðan um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir breytingu á hæðarkóta húsanna.

- 9.11 2404037 - Skerpluholt 7 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um staðsetningu smáhýsis utan byggingarreits norðvestanmegin á lóð.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við staðsetningu smáhýsisins á meðan að stærð þess og hæð er í samræmi við ákvæði deiliskipulags og samþykki eigenda Skerpluholts 5 liggur fyrir með skriflegum hætti. Sama gildir um útfærslu skjólveggjar umhverfissviðs.

9.12 2402397 - Útholt 3 - bílastæði - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts sem gerir ráð fyrir tilfærslu á bílastæðum innan lóðar að lokinni grenndarkynningu.

Engar athugasemdir bárust.

Tillagan skoðast því samþykkt í samræmi við 3.ml. 3.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

9.13 2401557 - Útholt 14- Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrætti enda eru þeir í samræmi við deiliskipulag og breytingu sem hlotið hefur staðfestingu að loknu grenndarkynningarferli.

9.14 2109212 - Kinnargata 92 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir fjölbýlishússins Kinnargata 92 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar dags.10.apríl 2024.

Heildarbyggingarmagn hússins eru 3.519 m² en hámarks byggingarmagn er 3.410 m² samkvæmt deiliskipulagi, þ.e. 109 fermetrar eru umfram heimilað byggingarmagn.

Umfram rými er að mestu neðanjarðar og ákveðið var að breyta klæðningu og einangrun sem jók byggingarmagnið.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað umfram byggingarmagn varðar.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

9.15 2404301 - Grímmsgata 6 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu á bílastæði fjölbýlishússins.

Með vísan í afgreiðslu sambærilegra mála um útfærslur á bílastæðum gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað útfærslu sem spurt er um varðar.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar

nr.1182/2022.

9.16 2404090 - Maríugata 17 - Fyrirspurn

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um staðsetningu 8,8 m² smáhýsi við lóðarmörk að landi Garðabæjar. Fyrir hönd Garðabæjar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við staðsetningu smáhýsis eins og hún er sett fram á meðfylgjandi teikningu.

9.17 2102106 - Maríugata 37 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna lóðarhönnunar við Maríugötu 37. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við lóðaruppdrætti.

9.18 2404409 - Dýjagata 18 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn eigenda og framkvæmdaaðila Dýjagötu 18 um staðsetningu byggingarkrana og vinnubúða sem að hluta til eru utan lóðar við snúningsplan í botnlanga götunnar. Skipulagsstjóri heimilar staðsetningu krana og vinnuskúrs utan lóðar fyrir hönd Garðabæjar með því skilyrði að hún verði kynnt eigendum Dýjagötu nr.15.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð skipulagsnefndar Garðabæjar miðvikudaginn 8. maí 2024 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra nefndarmanna.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
19. fundur 2024

Miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 08:15 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Urriðaholtsskóla.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hafdís Bára Kristmundsdóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara og Rakel Svansdóttir varamaður kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2402243 - Unicef - stöðumat og aðgerðaráætlun Garðabæjar

Gunnar Hrafn Richardsson verkefnisstjóri, kynnti aðgerðaráætlun um Barnvænt samfélag (BVS), lögð fram til kynningar.

2. 2312005 - Þróunarsjóður grunnskóla 2024

Rætt var um að úthluta úr Þróunarsjóði grunnskóla öðru sinni á haustmánuðum 2024. Til síðari úthlutunar 2024 eru 28.000.000 en í mars sl. var úthlutað 16.410.667.- Skólanefnd leggur til við bæjarráð að úthlutað verði 11.589.333.- 1. október 2024.

3. 2402492 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2024

Lögð fram bréf frá Endurmenntunarsjóði grunnskólans um úthlutun styrkja til verkefna á sviði fræðslu- og uppeldismála samtals að fjárhæð kr.5.625.000.-

Um er að ræða eftirfarandi styrki.

Álftanesskóli kr. 575.000

Flataskóli kr. 550.000

Garðaskóli kr. 525.000

Hofsstaðaskóli kr. 325.000

Sjálандsskóli kr. 625.000

Urriðaholtssk. kr. 625.000

Garðabær - fræðslu- og menningarsvið kr. 2.400.000.-

Samtals úthlutað kr.5.625.000.-

4. 2405016 - Kynning og samtal við stjórnendur Urriðaholtsskóla

Skólanefnd þakkar stjórnendum Urriðaholtsskóla fyrir áhugaverða kynningu og lýsir ánægju sinni með að kynnast skólastarfinu með þessum hætti. Skólastjóri fór yfir áherslur skólans, áskoranir og framtíðarhorfur. Skólanefnd óskar nemendum og starfsfólki skólans til hamingju

með glæsilegan annan áfanga skólahúsnæðisins sem afhentur var á vordögum 2024.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
17 (22-26). fundur 2024

Miðvikudaginn 8. maí 2024 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Sófus Gústavsson varamaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Greta Ósk Óskarsdóttir aðalmaður, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2101352 - Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu

Gyða S. Björnsdóttir, umhverfis- og gæðastjóri hjá SORPU kynnti niðurstöðu húsasorpsrannsóknar sem framkvæmd er árlega. Rætt var um endurvinnslu á matarleifum sem koma í GAJU, gas og jarðgerðarstöð sem breytt er í metangas og moltu. Ávinningur af notkun moltu rædd sem er lífrænn áburður og jarðvegsbætandi efni og því góður kostur fyrir garðeigendur.

2. 2401607 - Fundargerðir 2024 - Stjórn Reykjanesfólkvangs

Lagt fram.

3. 2403209 - mengunarmælingar 2024 - Umhverfisvöktun í vatni

Sigrún Hrönn Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi kynnti niðurstöður á reglubundinni vöktun yfirborðsvatns og strandsjávarmengunarmælingum í Garðabæ.

4. 2405044 - Loftgæðamælingar - Umhverfisvöktun í lofti

Sigrún Hrönn Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi kynnti samantekt á niðurstöðum loftgæðamælinga sem komnar eru frá tímabilinu september-deember 2023 á Garðaholti.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

391. fundur

Priðjudaginn 2. apríl 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 8:00.

Mætt voru:

Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE og Alexandra Briem (AB) sem stýrði fundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri

Tekið fyrir:

1. Útboð á akstri

Sigurður Guðjón Jónsson, sérfræðingur hjá Cowi og Guðmundur Siemsen lögmaður sátu fundinn undir þessum lið. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í útboðinu og næstu skref. Lagt var fram minnisblað frá Guðmundi Siemsen, lögmanni dagsett 4. apríl 2024. Umræður urðu um tillögu til eigenda þar sem lagt er til að haldið verði áfram með útboðið. Miðað við fyrirbyggjandi verðtillögur er tilboðsverð hærri en fjárhagsáætlun ársins 2024. Búið er að boða til eigendafunda miðvikudaginn 3. apríl 2024 þar sem útboðsmálið er á dagskrá.

Fundi slitið kl. 8:45

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar B. Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

393. fundur

Priðjudaginn 29. apríl 2024 var haldinn fjarfundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (GÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB) sem stýrði fundi. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Rekstrarleyfi Strætó
2. Útboð á akstri

Tekið fyrir:

1. Rekstrarleyfi Strætó

Strætó hefur sótt um endurnýjun á rekstrarleyfi til farþegaflutninga til Samgöngustofu. Eitt skilyrði leyfisins er að eigið fé sé jákvætt. Skv. síðasta ársuppgjóri er eigið fé Strætó neikvætt þó gjaldhæfi félagsins sé tryggt til áframhaldandi reksturs. Strætó er byggðasamlag með ótakmarkaða ábyrgð eigenda sinna, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og því tryggt að félagið fari aldrei í gjaldþrot. Verið er að vinna með Samgöngustofu og Innviðaráðaneytinu að lausn málsins. Núverandi rekstrarleyfi gildir til 28. maí 2024.

Magnús Örn Guðmundsson, stjórnarformaður, vék af fundi vegna hæfismála fyrir næsta lið og Alexandra Briem tók við stjórn fundarins.

2. Útboð á akstri

Sigurður Guðjón Jónsson, sérfræðingur hjá Cowi sat fundinn undir þessum lið. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í útboðinu og næstu skref. Lagt var fram minnisblað frá Sigurði G. Jónssyni, ráðgjafa frá Cowi, dagsett 26. apríl 2024. Þar er rakinn ferill samkeppnisviðræðnanna og lokatilboð bjóðenda. Tveir bjóðendur skiluðu lokatilboðum í verkið.

Eftirfarandi tilboð bárust	Heildartilboðsverð í útboðshluta 1 án vsk. (ISK)		Heildartilboðsverð í útboðshluta 2 án vsk. (ISK)		Heildartilboðsverð í útboðshluta 3 án vsk. (ISK)	
1 Hagvagnar ehf.					8.520.899.622 ISK	97,6%
2 Almenningsvagnar Kynnisferða ehf.	12.452.352.339 ISK	95,6%	16.175.685.794 ISK	102,0%	9.614.041.507 ISK	110,1%
Kostnaðaráætlun	13.027.039.510 ISK	100,0%	15.852.781.250 ISK	100,0%	8.728.610.150 ISK	100,0%

Stjórn Strætó samþykkir í samræmi við framlagt minnisblað að heimila framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Almenningsvagna Kynnisferðir ehf. Um útboðshluta 1 og 2 og við Hagvagna ehf. um útboðshluta 3. Jafnframt samþykkir stjórn að fela framkvæmdastjóra í samvinnu við Innkaupadeild Reykjavíkurborgar, að tilkynna þátttakendum þá ákvörðun.

Fundi slitið kl. 12:40

Fylgiskjöl:

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs

18. apríl 2024, kl. 16:00

Borgartúni 12-14 og á Teams

Mættir: Kristinn Jón Ólafsson (KJÓ), Helga H. Björnsdóttir (HHB) og Sverrir B. Magnússon (SBM). Stella Stefánsdóttir (SS), Ásrún Kristinsdóttir (ÁK) og Bergur Þ. Benjamínsson (BÞB) tóku þátt gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig sátu fundinn: René Biasone (RB) og Þórólfur Jónsson (ÞJ) sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Landvarsla

ÞJ hefur verið í sambandi við Óskar landvörð varðandi að taka að sér landvörslu 2024. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

2. Fjármagn frá sveitarfélögunum vegna 2024

- KJÓ sagði að Reykjavík hefði ákveðið að greiða fyrir hálf ár og þá væri miðað við að úrsögn tæki gildi 1. júlí. 2024
- SBM sagði að Reykjanesbæjar hefði tekið ákvörðun um að ganga út og myndi fylgja dæmi Reykjavíkur.
- HHB sagði að Seltjarnarnes hefði tekið ákvörðun um að ganga út og myndu væntanlega fylgja Reykjavík varðandi greiðslur.
- BÞB sagði að Kópavogur hefði tekið ákvörðun um að ganga út en ákvörðun um greiðslur væri til skoðunar.
- SS sagði að Garðabær myndi ekki ganga út og myndu greiða gjald í samræmi við fyrri greiðslur.
- ÁK sagði að Grindavík yrði áfram og myndi greiða í samræmi við fyrri greiðslur.
- Áður lá fyrir að samkvæmt upplýsingum frá fundargerð í bæjarráði Voga munu þau ætla sér út.
- Einnig lá fyrir að Hafnarfjörður héldi áfram og myndi greiða miðað við fyrri greiðslur.

3. Ferli úrsagnar

RB nefndi að hefja þyrfti ferli með ráðuneytinu. Heppilegt væri að öll bréf frá sveitarfélögunum til ráðuneytisins bærust á sama tíma.

RB nefndi einnig að fordæmi væri fyrir því að friðlýsingartexti hefði breyst þ.e. þegar Vogar bættust við.

4. Önnur mál

Umræða um landvörslu Umhverfisstofnunar. RB upplýsti að landvarsla yrði aukin á eldgosasvæðinu. Umhverfisstofnun sinnir ekki landvörslu í fólkvanginum en það gæti þó orðið óbein áhrif vegna umferðar landvarða um fólkvanginn.

Fundi slitið 16:40

Næsti fundur ekki ákveðinn.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**578. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. maí 2024
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Jóhanna Hreinsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Samgöngusáttmálinn - Uppfærsla - 2003010

Framhald umræðu um stöðu viðræðna og næstu skref.

Gestir

Dagur B. Eggertsson

Niðurstaða:

Umræður

2. Fráveitumál höfuðborgarsvæðisins forathugun -Sóknaráætlun 2024 - 2404004

Meðal áhersluverkefna sóknaráætlunar 2024 er að kortleggja og greina fráveitumál á höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar verkefnisins, Einar Kristján Stefánsson og Guðjón Bragason, kynna málið og tillögur að næstu skrefum. Umræður.

Gestir

Guðjón Bragason ráðgjafi.

Einar Kristján Stefánsson ráðgjafi.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að unnið verði frekar til samræmis við þær tillögur ráðgjafa sem fram koma í kynningu þeirra og einnig verði haft samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um framgöngu málsins.

3. Persónuverndar- og öryggisstefna SSH - 2404014

Lagt er fram minnisblað dags. 2. maí 2024 þar sem gerð er grein fyrir þörf á að setja persónuverndar- og upplýsingaöryggisstefnu SSH. Fyrirliggjandi eru drög að slíkri stefnu sem lögð eru fram til samþykktar stjórnar.

Jafnframt eru lögð fram til kynningar drög að verklagsreglum og tékklistum sem



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

nýtt verða við starfsemi SSH til stuðnings framfylgd stefnunnar. Berglind Snorradóttir starfsmaður SSH kynnr.

Gestir

Berglind Snorradóttir

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi drög að persónuverndar- og upplýsingaöryggisstefnu eru samþykkt.

4. Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna - 2403007

Framhald frá umræðum 576. fundar en þá var framkvæmdastjóra falið að greina málið nánar og leggja fyrir stjórn að nýju. Framkvæmdastjóri kynnr.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna að málinu áfram. Um er að ræða annars vegar gerð samnings milli sveitarfélaganna um svæðisbundið farsældarráð. Hins vegar gerð viðaukasamnings við sóknaráætlun við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fjármögnunar innleiðingar á verkefninu. Málið verður svo tekið fyrir að nýju í stjórn.

5. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Á 571. fundi var formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna nánar að útfærslu fyrirkomulags við vinnu við gerð nýrrar sóknaráætlunar en fyrir liggur að innviðaráðuneytið fjármagnar verkefnið. Fyrirliggjandi er tillaga um fyrirkomulag þeirrar vinnu og gerð er tillaga um að haldinn verði fundur með samráðsvettvangi verkefnisins skv. 97 gr. sveitarstjóranarlaga. Fundurinn, sem ætlað er að marka framhald verkefnisins, verði haldinn eftir hádegi fimmtudaginn 20. júní nk.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við ráðgjafa vegna verkefnisins og vinnufundur samráðsvettvangsins verður haldinn 20. júní nk.

Umræður

6. Aðalfundur SSH 2024 - 2403005

Framhald umræðu frá 575. fundi en þá var formanni og framkvæmdastjóra falið að móta frekar tillögur um kynningar- og ársfundi byggðasamlaganna og leggja fyrir fund stjórnar. Frekari greining á upplýsingagjöf byggðasamlaganna samkvæmt stofnsamningum, eigendastefnum og starfsreglum stjórna, liggur nú fyrir til umræðu.

Niðurstaða:

Ekki er gert ráð fyrir að ársfundir byggðasamlaganna verði haldnir samhliða aðalfundi SSH, heldur haldi byggðasamlögin hvert fyrir sig aðalfund/ársfund.

7. Stjórnsýsla byggðasamlaga - 1912001



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir liggur að ákveða þarf dagsetningu fundar Stefnuráðs byggðasamlaganna vegna umræðu er varðar málefni Sorpu bs.

Niðurstaða:

Skrifstofa SSH mun boða fund Stefnuráðs byggðasamlaganna að höfðu samráði við stjórn.

8. Útivistarvefur hbsv. -Sóknaráætlun 2023 - 2303007

Á 571. fundi stjórnar var ákveðið að áfram yrði unnið að framvindu þessa verkefnis til samræmis við fyrirliggjandi tillögur og að jafnframt yrði gengið til samninga við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um hýsingu verkefnisins.

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að samstarfssamningi SSH og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna framlags og verkaskiptingar í tengslum við uppsetningu og rekstur útivistarvefs höfuðborgarsvæðisins en fyrirhugað er að undirrita hann á næstu dögum.

Þá er fyrirliggjandi til kynningar samningur við vefhönnunarfyrtæki sem undirritaður verður á næstu dögum en á 577. fundi stjórnar voru niðurstöður verðfyrirspurnar vegna hönnunarinnar kynntar og framkvæmdastjóra falið að undirrita verksamning á grundvelli þeirra.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

9. Umsagnir þingmála - 1910005

Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 hefur verið lögð fram á Alþingi en framlengdur umsagnarfrestur er til og með 8. maí. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna umsögn til samræmis við umræður fundarins.

10. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 10. apríl 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 44. fundar samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 18. apríl 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

12. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál - 2110008

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 95. fundar Stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál dags. 4. mars 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

13. Önnur mál - 2110011

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri hefur sagt starfi sínu lausu og mun láta af störfum 1. ágúst nk.

Stjórn þakkar Jóni góð störf í þágu SSH og samstarfs sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.

Starfsleyfi Strætó bs.

Framkvæmdastjóri mun óska eftir frekari upplýsingum um stöðu og framgang þessa máls.

Niðurstaða:

Umræður

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

127. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Æðarhöfða 36, 270 Mosfellsbæ, föstudaginn 3. maí 2024
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Lovísa Björg Traustadóttir, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, Ingvar Arnarson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

- 1. Áherslur svæðisskipulagsnefndar 2022 til 2026 - Leiðarljós 3 alþjóðleg samkeppnishæfni - 2404017**
Framhald frá 125. og 126. fundi þar sem nefndin fór yfir aðgerðir sem falla undir framangreint leiðarljós. Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 29. apríl 2024 ásamt tillögu að aðgerðum til áframhaldandi skoðunar á fundinum.
Formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að vinna úr umræðum fundarins og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.
- 2. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar fyrir Coda Terminal - 2404011**
Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Hafnarfjarðarbæjar um ofangreint dags. 11. apríl 2024. Á fundinum var farið yfir helstu gögn málsins.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við tillöguna en bent á að framkvæmdar- og eftirlitsaðilar meti og vakti heildrænt áhrif framkvæmdanna á höfuðborgarsvæðið m.t.t. vatnsverndar og jarðhræringa sbr. niðurstöður umhverfismats.
- 3. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**
Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 7. júní nk. sem verður síðasti fundur fyrir sumarfrí.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.